

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonr hrl., 700.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1955.

Nr. 18/1954. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Elíasi Gunnlaugssyni (Theodór B. Líndal).

Dómenndur:

hæstaréttardómarmennir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Sjóslýs. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði þykir ekki hafa gerzt sekur við 2. mgr. 31. gr. siglingalaga nr. 56/1914, en að öðru leyti eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði, skilorðsbundið, svo sem í héraðsdómi segir. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Gunnlaugsson, sæti varðhaldi 2 mánuði, skilorðsbundið, svo sem í héraðsdómi segir. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 22. desember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Elíasi Gunnlaugssyni skipstjóra, Heiðavegi 42, Vestmannaeyjum. Er hann með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 20. marz þ. á., og framhaldsákæruskjölum, útgefnum 24. f. m. og í dag, ákærður fyrir brot á lögum nr. 56/1914, 31. gr., 2. mgr., og 37. gr., sbr. 260. og 261. gr., sbr. 268. gr. laga nr. 19/1940, tilskipun nr. 43/1922, 14. gr., lögum nr. 68/1947, 67. gr., 2. mgr., og lögum nr. 19/1940, 215. gr.

Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærði talinn hafa brotið nefnd ákvæði með því „að snúa v/b Veigu, Ve 291, í nánd við „Dranginn“ við Vestmannaeyjar síðari hluta dags 12. apríl 1952 í því skyni að sigla til Vestmannaeyja, þótt ekki væri búið að gera forsvaranlega sjóklárt með tilliti til vindhraða, sjólags og þunga bátsins, þar sem ekki var búið að leggja segl yfir lúguna og skálka, og láta skipverja vera að vinnu á þilfari, meðan bátnum var snúð, er þykir vera aðalorsök þess, að 2 skipverjar drukknðu, þeir Gestur Jóhannesson vélstjóri og Páll Þórormsson háseti. Þá vantaði og 3 björgunarbelti í bátinn.“

Þær kröfur eru gerðar í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 264. gr. siglingalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, og 69. gr. laga nr. 68/1947, eða til sviptingar réttinda til að öðlast skipstjóra- og stýrimannsréttindi samkvæmt 68. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 85. gr. sjómanna-laga nr. 41/1930, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir sakhæfisaldur, talinn fæddur 26. febrúar 1922 í Vestmannaeyjum. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardagsmorguninn 12. apríl f. á. fór v/b Veiga, Ve 291, í fiskiróður frá Vestmannaeyjum. Á bátnum voru þá 8 menn, en níundi skipverjinn varð eftir í landi vegna sjúkleika. Ákærði var skipstjóri á bátnum. Er látið var úr höfn, var mikill sjór og vindur VNV 4, en veðrið fór batnandi, og um hádegjið var orðið lygnt. Ákærði hugðist vitja netja sinna, sem voru í nánd við svonefndan Drang. Voru tvær trossur vestur af Drangnum, en aðrar tvær suðvestur af honum í allt að tveggja sjómílna fjarlægð. V/b Veiga kom að fyrstu netjunum um kl. 11.45. Lét ákærði fyrst leggja eina netjatrossu, sem hann hafði meðferðis, en síðan var farið að draga hin netin. Var sjór þá minni en áður, en þó töluverð alda. Þegar verið var að ljúka við að draga síðari netjatrossuna vestan við Dranginn, flæktist netið í skrúfu v/b Veigu. Var þá skolið á suðvestan el, og versnaði brátt í sjó. Ákærði fékk v/b Frigg, Ve 316, sem var á svipuðum slóðum og v/b Veiga, til að aðstoða sig, meðan netið var losað úr skrúfunni. Var dráttartaug fest milli bátanna,

og hélt v/b Frigg v/b Veigu upp í vindinn, meðan skrúfan var losuð. Skipverjum á v/b Veigu tókst að losa það mikið um skrúfuna, að hún gat unnið. Gerði ákærði v/b Frigg aðvart um það, og var þá dráttartauginni sleppt. Hélt v/b Frigg síðan heimleiðis, en ákærði beiðdist þess, að talstöð hennar yrði höfð opin og fylgst yrði með v/b Veigu, ef hún þyrfti hjálpar. Kvaðst ákærði ætla að leggja aftur seinni netjatrossuna, sigla síðan heimleiðis.

Þegar v/b Frigg sigldi brott, var veður orðið vont og mikill sjór, að sögn ákærða sjálfs. Var þetta um kl. 17.00. Ákærði var á báðum áttum um það, hvort hann ætti að leggja síðari netjatrossuna aftur eða sigla strax til hafnar. Báturinn var með mikinn afla, um 1300 fiska eða meira. Var orðið hátt í lestum og báturinn allþungur. Varð það úr, að ákærði ákvað að sigla strax heimleiðis, en leggja netin á leiðinni til að létta bátinn. Þegar ákærði sneri bátnum til hafnar, var búið að loka lestaropum, en hvorki höfðu segl verið breidd yfir lestarhlerana né „skálkað“. Ákærði var í stýrishúsi ásamt tveimur hásetum, vélstjórinn var í vélarrúmi, þrír hásetar voru á miðþilfari og einn, Páll heitinn Þórormsson, í stjórnborðsganginum. Meðan ákærði var að snúa bátnum, reið brotsjór yfir hann stjórnborðsmegin. Var báturinn þá á hægri ferð. Við ólagið lagðist báturinn á bakborðshlið. Báturinn rétti sig ekki nema að nokkru leyti, og var bakborðshlið hans og skutur í kafi, og náði sjór upp að lestaropum bakborðsmegin. Kom í ljós, að Pál heitinn Þórormsson hafði tekið útbyrðis, og sást hann ekki frammar. Einnig skolaði Davíð Helgasyni háseta útbyrðis, en hann hafði verið á þilfari. Hann náði þó taki á „bómunni“ og tókst að komast um borð aftur. Dyr og gluggar á stjórnklefa sprungu upp, og fylltist þar allt af sjó, og flæddi hann niður í vélarrúm. Þegar sjórinn rann út aftur, fór ákærði og aðrir skipverjar í stýrishúsi svo og vélstjórinn fram á þilfarið. Við ólagið hafði öldustokkur stjórnborðsmegin brotnað, en var þó fastur á báðum endum og lá inn á þilfarið. Aftasti lestarhlerinn hafði flotið út á sjó, en hinir voru kyrrir. Var reynt að byrgja lestaropið með segli, en von bráðar var sýnt, að það væri tilgangslaust. Var þá kominn mikill sjór í lestina. Ákærði fór niður í hásetaklefa til að biðja um hjálp um talstöðina. Náði sjórinn í hásetaklefanum þá í miðjan legg. Náði ákærði strax sambandi við v/b Frigg og bað um skjóta aðstoð, því að bátur hans væri að því kominn að sökkva. Fór ákærði síðan á þilfar aftur, og tók hann með sér fjögur björgunarbelti úr hásetaklefanum.

Björgunarbátur v/b Veigu var gúmmibátur, og var hann geymdur á þaki stýrishússins. Náðu skipverjar honum niður. Ekki tókst að blása bátinn út með þrýstilofti úr flösku, sem honum fylgdi, vegna þess að loki á bátnum hafði verið opin. Var lokanum þá lokað og báturinn blásinn út með handdælu. Lét ákærði skipverja síðan taka sér stöðu við björgunarbátinn og halda sér í bönd hans. Vélstjórinn, Gestur heitinn Jóhannesson, og tveir skipverjar aðrir voru í björg-

unarbeltum. Meðan þessu fór fram, gekk lítill sjór yfir bátinn, en hann seig meir og meir í sjó. Var það tilætlun ákærða, að skipverjar yrðu eins lengi um borð í v/b Veigu og öruggt gæti talizt. Að lítilli stundu liðinni gekk Gestur heitinn Jóhannesson fram á, til að gæta að, hvort hann sæi til ferða v/b Friggjar. Í þeim svifum gekk brotsjór yfir v/b Veigu, og skolaði hann Gesti heitnum útbyrðis bakborðsmegin. Um sama leyti yfiringáfu hinir skipverjarnir v/b Veigu og fóru út af bátnum stjórnborðsmegin. Héldu þeir sér í böndin í gúmmibátnum, og er þeir voru lausir við v/b Veigu, fóru þeir hver af öðrum upp í gúmmibátinn. Bar hann þá alla, en hásetarnir Davíð Helgason og Margeir Þórormsson hafa skýrt svo frá, að Margeir hafi þá verið hálfur í sjó. Kveður Margeir því hafa verið eins varið með Davíð. Þegar ákærði og skipverjar hans yfiringáfu v/b Veigu, var liðinn um það bil stundarfjórðungur, frá því að báturinn varð fyrir áfallinu.

Ekki náðist Gestur heitinn Jóhannesson um borð í gúmmibátinn, en félagar hans sáu hann fljóta í sjónum þangað til um það leyti, sem v/b Frigg kom á vettvang, svo sem síðar segir. Einnig kveðst Margeir Þórormsson hafa heyrt hann kalla. Engar árar voru í gúmmibátnum. Bar hann fyrir sjó og vindi í austurátt og fjarlægðist Gest heitinn. Er skipverjar höfðu verið um það bil stundarfjórðung í gúmmibátnum, kom v/b Frigg að þeim og tók þá tafarlaust um borð. Gekk það greiðlega. Var þá strax farið að leita að Gesti heitnum, en hann var þá horfinn, og bar leitinn engan árangur.

Skipbrotsmennirnir, sem bjargað var, hressstust brátt, og varð engum meint af.

Ákærði hefur, sem fyrr segir, skýrt svo frá, að hann hafi komið með 4 björgunarbelti upp úr hásetaklefanum, en fleiri hafi verið niðri í bátnum. Kveður hann jafnmörg björgunarbelti munu hafa verið í v/b Veigu eins og þegar báturinn var skoðaður í síðasta skipti fyrir slysið. Samkvæmt vottorði skipaskoðunarstjóra fór síðasta skoðun á útbúnaði v/b Veigu fram 20. til 23. janúar 1952. Voru bjargbelti þá 5 og skipverjar jafnmargir.

Samkvæmt skrá um íslensk skip var v/b Veiga 24 rúmlestir brúttó að stærð.

Ákærði hefur réttindi til stýrimennsku í innanlandssiglingum á fiskiskipum, eigi stærri en 75 rúmlestir brúttó.

Þegar ákærði beygði v/b Veigu, var veður vont og mikill sjór, enda þótt brotsjór hefðu ekki áður gengið yfir bátinn. Báturinn var og orðinn allmikið hlaðinn. Með tilliti til þessa bar ákærða að ganga örugglega frá útbúnaði lestarops, með því að breiða yfir það segl og „skálka“, áður en hann beygði bátnum. Þar eð lestarop var ekki tryggilega lukt, opnaðist það við brotsjóinn, og sjór flæddi niður í lestina. Verður að ætla, að þetta hafi valdið því, að v/b Veiga rétti sig lítið og sökk með svo skjótum hætti, sem raun bar vitni. Til þeirra aðstæðna, sem sköpuðust við hina gálausu skip-

stjórn ákærða, er að framan greinir, má og að nokkru leyti rekja það, að Gest heitinn Jóhannesson tók útbyrðis og hann druknaði.

Með tilliti til þess, að v/b Veiga var lítið skip, allmikið hlaðin, veður vont og sjór mikill, þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega varkárni, með því að gefa ekki skipverjum, sem á þilfari voru, fyriræli um að leita vars, áður en v/b Veigu var beygt. Til þessarar óvarkárni ákærða má rekja það, að Páll heitinn Þórorrsson druknaði.

Með framangreindri óvarkárni og vegna afleiðinga þeirra, sem af henni hlutust, hefur ákærði brotið 2. mgr. 31. gr. og 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Telja verður sannað með framburði ákærða sjálfs og vottorði skipaskoðunarstjóra, að einungis 5 björgunarbelti hafi verið um borð í v/b Veigu í umrætt skipti, enda þótt skipverjar væru þá 8 að tölu. Hefur ákærði með því brotið gegn 3. tl. 5. mgr. 14. greinar tilskipunar nr. 43/1922, sbr. nú 3. tl. IX. kafla 143. gr. tilskipunar nr. 11 frá 20. janúar 1953.

Enda þótt háskalegt væri að beygja v/b Veigu, áður en lestarop höfðu verið tryggilega lukt, þá verður ekki talið, að af því leiði, að báturinn hafi verið óhaffær í merkingu siglingalaga og laga nr. 68/1947 um eftirlit með skipum. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á 37. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 2. mgr. 67. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 68/1947.

Við flutning málsins hreyfði sækjandi því, að ákærði hefði sýnt refsiverða vangæzlu með því að gæta þess eigi nægilega vel að halda skipverjum í hóp á flakinu, með því að láta þá yfirgefa v/b Veigu of seint og með því að láta ekki v/b Frigg leita Gests heitins, áður en mönnum í gúmmibátum var bjargað. Loks hefði björgunarbátur v/b Veigu verið of litill. Ákæran tekur til einskis þessara atriða, og koma þau því eigi til álita í máli þessu.

Refsing ákærða þykir eftir 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 260. gr. og 261. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 268. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 37/1922, sbr. nú 1. mgr. 67. gr. laga nr. 68/1947, hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en refsingunni skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dómsins, ef skilorð VI. kafla hegningarlaganna verður haldið.

Þá ber og með vísun til 85. gr. sjómannalaga að svipta ákærða réttindum til stýrimennsku í 6 mánuði frá birtingu dómsins. Með skírskotun til 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða rétti til að öðlast skipstjóraréttindi í jafnlangan tíma.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna launa skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Línalds, kr. 900.00 til hvors.

Dóm þenna kváðu upp Einar Arnalds, formaður dómsins, og samdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson skipstjóri, Jónas Jónasson skipstjóri, Jón Ó. Jónsson sjómaður og Jón Ármannsson sjómaður.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Gunnlaugsson, sæti 20 daga varðhaldi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður haldið.

Ákærði er sviptur réttindum til stýrimennsku og rétti til að öðlast skipstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 900.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1955.

Nr. 69/1954. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Vilhjálmur Jónsson)

gegn

Páli Guðbjartssyni (Áki Jakobsson hdl.).
og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Kristján Kristjánsson borgarfégeti.

Skaðabætur vegna líkamsmeiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Gerir hann *adallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti að mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar hinnar dæmdu fjárhæðar og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með